Hreppsnefnd Langanesbyggðar kom saman til fundar í félagsheimilinu Þórsveri, laugardaginn 16.maí 2009 kl:12:00 Þetta var aukafundur . Enginn athugasemd var gerð við boðun fundarins.

Mættir voru Siggeir Stefánsson, Þórir Jónsson, Indriði Þóroddsson, Árni Davíð Haraldsson og Ævar Marinósson

## Dagskrá:

## 1. Ráðning sveitarstjóra.

Oddviti fór yfir ráðningarferil á ný jum sveitastjóra. Eftir nokkrar umræður samþykkti sveitastjórn Langanesbyggðar að ráða Gunnólf Lárusson sem sveitarstjóra . Gunnólfur var boðinn velkominn til starfa. Samþykkt með fjórum atkvæðum, einn sat hjá. Oddviti kynnti drög að ráðningarsamningi við sveitastjóra. Sveitastjórn Langanesbyggðar samþykkir framlagðann ráðningarsamning á milli Gunnólfs Lárussonar og Langanesbyggðar. Laun Gunnólfs samkvæmt samningi eru 650.000 krónur á mánuði , borgað er 40.000 krónur í bílastyrk á mánuði. Langanesbyggð útvegar Gunnólfi húsnæði og mun hann greiða 3,5% af fasteignamati í húsaleigu, einnig greiðir Langanesbyggð GSM síma, og nettengingu. Samþykkt með 4 atkvæðum ,1 sat hjá . Gunnólfur Lárusson mætti á fundinn og var hann boðinn velkominn til starfa. Skrifaði Gunnólfur undir ráðningarsamning ásamt oddvita. Gunnólfur hefur störf strax sem sveitarstjóri. Fundargerð samþykkt samhljóða og gundi slitið kl. 12:44